

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Húnaþingi vestra.

1. gr.

Gjaldskrá fyrir sorphirðu í Húnaþingi vestra er samþykkt í sveitarstjórn Húnaþings vestra með vísan til samþykktar nr. 159/2000 um söfnun og förgun úrgangsefna í Húnaþingi vestra.

2. gr.

Sorphirðugjald í Húnaþingi vestra fyrir árið 2006 er sem hér segir:

Sorphirðugjald, íbúðir 6.000 kr.

Sorpeyðingargjald, íbúðir og sumarbústaðir 7.200 kr.

Sorphirðugjöld fyrirtækja reiknast skv. áætluðu magni.

Sorpeyðingargjöld fyrirtækja reiknast skv. áætluðu magni.

Sorphirðu-/sorpeyðingargjald á fyrirtæki; hlutfallslegt, byggt á gjaldskrá fyrir heimilis-sorp miðað við fjölda sorptunna sem fyrirtækið þyrfti á að halda skv. reynslu og mati yfirmanns tæknideildar Húnaþings vestra.

Gjaldskrá þessi sem var samin af sveitarstjórn Húnaþings vestra þann 1. desember 2005, samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvareftirlit, ásamt síðari breytingum, sbr. samþykkt heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra 14. mars 2006, öðlast þegar gildi.

Hvammstanga, 15. mars 2006.

Skúli Þórðarson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 28. mars 2006